

28
7da
nóvbr.

gjafar, en faðir barnsins hefir ekki megnað að greiða hina 2 þriðjunga meðgjafarinnar eða neinn annan hluta hennar, og hefir því Kirkjuhvammshreppr orðið að leggja það til, sem á vantaði.

Eins og hið óskilgetna barn eptir lögum vorum fylgir að öllu leyti framfærsluhreppi móðurinnar, þannig er henni einnig skylt að sjá fyrir því að öllu leyti, ef faðirinn ekki er þess megnugr, hún getr eigi losað sig undan þessari skyldu með því að greiða hluta forlagseyrisins, og það sem er lagt með óskilgetnu barni ýngra en 16 vetra, verðr eptir lögum vorum að skoðast sem styrkr, veittr móður barnsins, sem hún er skyld að endrgjalda. Með því að það nú samkvæmt 4. gr. fátækrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834, er skylda foreldra að standa straum af börnum sínum, þó þau seú eldri en 16 ára, og þannig hafi áunnið sér sérstakan framfærsluhrepp, getr eigi verið neinum vafa bundið, að Sigurðr Sigurðsson, ef hann hefir efni til þess, er skyldr fram að færa dóttur sína og með henni það óskilgetna barn, er fylgir framfærslu hennar.

Landshöfðinginn sinnr þannig eigi ástæðu til að breyta nefndum úrskurði amtsins að því leyti, er hann snertir skyldu Sigurðar Sigurðssonar til að fram færa dótturbarn hans það, er hér getr um, og landshöfðinginn álitr Sigurð einnig skyldan að endrgjalda Kirkjuhvammshreppi það, er lagt hefir verið með barninu, eptir að þess hafði verið farið á leit við hann að taka barnið að sér til uppfóstrs og allrar umsjár; en fyrir það, sem áðr hefir verið lagt með barninu, hefir hrepprinn einungis aðgang að móður barnsins.

Með 3. gr. reglug. 8. jan. 1834 er ákveðið, að framkvæmdarvaldið eigi að gjöra út um ágreininga milli ýmsra hreppa um skyldur þeirra til fram að færa fátæklinga; en eptir almennum ákvörðunum laganna sætir sú spurning, hvort slík skylda hvíli á einstökum manni, úrlausn dómstólanna. Kirkjuhvammshreppr verðr því, ef Sigurðr Sigurðsson á Flatnefsstöðum skyldi, þá er honum hefir verið birt það, sem að framan er sagt, enn neita að taka að sér uppfóstr dótturbarns síns, og að endrgjalda hreppnum það, sem út hefir verið lagt fyrir barnið, eptir að hann var krafinn um uppfóstrið, að sækja málið fyrir dómi.

29
12ta
nóvbr.

Bref landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr og austramsinu)
Í tilefni af hönarbréfi frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu um að fá bréfavog var ritið að amtmaninum að slík vog með lóðum frá 5 ort til 50 kvint væri send sýslumanninum og að hún ætti framvegis að fylgja embætti hans.

Embættismenn skipaðir og settir.

Hinn 28. dag októbermán. var af stíptsyfírvöldunum Bjarnaness prestakall í Austrskaptafellssýslu veitt kandídat Jóni Jónssyni.

— Stjórnartíðindin má panta á skrifstofu landshöfðingjans í Reykjavík, og á hverju pósthúsi í landinu.

Verð tíðindanna er, að meðtöldum burðareyri, 80 sk. (1 króna 66 aurar) um árið, — 40 sk. (83 aurar) fyrir þetta ár, og á að greiða andvirðið fyrirfram, um leið og tíðindin eru pöntuð.